

Skólaráðsfundur 25. apríl 2018

Mættir: Stefanía, Kristín, Þórey, Brynhildur, Erna, Steinunn og Jón Steinar

Dagskrá

Brúin

Lokaskýrslan komin á netið. Sprotasjóðsverkefni formlega lokið. Það er hægt að sækja um framhaldsstyrk á þetta verkefni og munum við jafnvel skoða það. Nú eiga flestir að vita út á hvað þetta verkefni gengur. Umræðan í skólasamfélaginu er í þessa átt.

Skóladagatal

Á eftir að setja inn nokkra atburði. Okkar dagatal er aðeins frábrugðið því sem hefur verið. Páskar eru seint, eftir það er fyrirhugað að fara í starfsmannaferð, endurmenntunarferð. Þá eru þetta aðeins tveir nemendadagar, settum vorleyfisdag á þetta tímabil og hinn vorleyfisdaginn í maí. Það hefur verið spurning með vorleyfisdagana, hvort færa eigi þá og hafa vetrarleyfi eins og í öðrum skólum. En það er alveg helmingur nemenda sem býr á heimili þar sem er sauðfé.

Næsta skólaár

Tveir nemendur fara úr skólanum og enginn kemur upp úr leikskólanum. 51. nemandi byrjaði hér í skólanum í þessari viku. Leikskólinn verður nánast full setinn í haust! Starfsmannamál er í góðum málum, starfsmaður á leikskólanum fer í barneignarfrí. Allt í blóma ;) stöðuhlutföll starfsmanna við skólann eru tæplega 13.

Fjárhagsáætlun

Fórum yfir á síðustu og er það vegna launa. Áætlunin lítur bara vel út núna.

Austurlandslíkanið

Félagsþjónustan er að innleiða líkan, sænska módelið. Mynda teymi og vinna saman og grípa fyrr inn í ef að eitthvað er. Teymið kemur í skólana ákveðna daga, fyrirfram ákveðið. Mál nemenda/fjölskylda fara fyrir teymið með upplýstu samþykki viðkomandi. Teymið samanstendur af sálfræðingi, þremur félagsráðgjöfum og skólahjúkurnarfræðingi. Það á eftir að kynna betur verkefnið fyrir foreldrum og samfélaginu. Búin að vera grein í Austurglugganum. Hugsað fyrir leik- og grunnskóla sveitafélagsins.

Skólinn og tæknin

Unglingastigið verður ekki spjaldtölvuvætt strax í haust, eins og við vonuðum. Beiðni um fjámagn fyrir haust 2019 verður lagt fram og verður þá vonandi hægt að fara í þessi mál. Kennara hafa fengið spjaldtölvu. Þetta hefur auðvitað aukinn kostnað í för með sér, ekki bara fyrir eitt unglingastig, heldur næstu sem koma á eftir.

Kannanir

Starfsmanna- og foreldrakönnun var lögð fyrir í febrúar, nemendakönnun núna í apríl. Starfsmanna- og foreldrak. koma bara vel út. Auðvitað er úrtakið lítið og fá svör skora hátt í prósentum. Á nokkrum stöðum minnst á aga - þar erum við á pari við landið.

Afmæli

Fertugasta starfsár skólans er næsta ár! Þá er átt við þetta hús sem við erum í núna. Við munum fagna því á einhvern hátt, spurning með að tengja það við árshátíðina. Spurning um að skoða eitthvað í samráði við foreldrafélagið. Hugmynd um að óska eftir auka fjármagni til að fagna!

Önnur mál.

Leikskólinn verður lengdur aftur til 15.30 á miðvikudögum v/fleiri kennarabarna.

Fundi slitið 16.40